

Alþingi

Erindi nr. P 135/2723

komudagur 14. 5. 2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, félags- og
tryggingamálanefnd
vt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. maí 2008 02-2008041004
T-ums 21/08

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum
innflytjenda - 535. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. apríl 2008 móttengið bréf yðar dagsett 22. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, 535. mál, þskj. nr. 836.

Fjallað er um skattamál í 9. kafla tillögunnar og vill ríkisskattstjóri afmarka umsögn sína við þá umfjöllun sem þar er að finna. Í kafla 9 er meðal stiklað á:


- Samræmingu gildistíma skattkorta og dvalar- og atvinnuleyfa útlendinga.
- Að útgáfa skattkorta sé í samræmi við rétta skráningu og atvinnuleyfi.
- Greiðum aðgangi að upplýsingum og gögnum um skattskil.
- Að upplýsingar á vef skattyfirvalda séu á sem flestum tungumálum.
- Einföldum, auðveldum og markvissum framtalsskilum fyrir útlendinga á netinu.
- Endanlegri skattlagningu og innheimtu við brottflutning.

Fulltrúi ríkisskattstjóra stóð að gerð stöðuskýrslu, dags. 28. janúar 2008, vinnuhóps um samvinnu stjórnvalda í málefnum útlendinga, en vinnuhópur þessi var skipaður af félagsmálaráðherra. Í vinnuhópnum störfuðu fulltrúar eftirtalinna stjórnvalda: Útlendingastofnunar, Vinnumálastofnunar, Þjóðskrár, ríkisskattstjóra, Tryggingastofnunar ríkisins, Ríkislögreglustjóra og Vinnueftirliti ríkisins. Formaður og starfsmaður vinnuhópsins skipuðu starfsmenn félagsmálaráðuneytisins. Vinnuhópur þessi hefur ekki komið saman frá því að tilvitnaðri stöðuskýrslu var skilað, en í vinnuhópnum var m.a. til umræðu breytt verklag skattyfirvalda. Umræða þessi tók af því tilefni einkum til: útgáfu tímabundinna skattkorta, miðlun upplýsinga milli stjórnvalda, aukið samstarf og loks skattuppgjör erlendra manna við brottflutning. Tillögur þær sem lagðar eru fram í þingsályktunartillögu þessari um *skattamál* eru aftur á móti settar fram á grundvelli afmarkaðs fyrirspurnarforms til ríkisskattstjóra, en finna má hljómgrunn þeirra í stöðuskýrslunni, áætlun fjármálaráðuneytisins og stofnana þess um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu 2007-2009, nýrri stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2008-2012 og ársáætlun ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri fagnar þeim ávinningi, sem felst í þeirri auknu samvinnu innan

stjórnsýslunnar, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og tekur undir þær áherslur, sem lagðar til á einföldun skattskila og þjónustu við útlendinga, sem bera skattskyldu vegna tekjuöflunar hér á landi. Tekur þessi afstaða m.a. mið af því meginmarkmiði embættisins að stefnt verði að því að hefðbundin vinna framteljenda við að útfylla skattframtöl verði almennt óþörf, sbr. áætlun fjármálaráðuneytisins um einföldun opinberra reglna og stjórnsýslu. Rétt er þó að undirstrika að þær breytingar sem stefnt er að verða hvorki gerðar án aukinna fjárveitinga né breytinga á þeim lögum sem snerta þetta viðfangsefni. Til að mynda er ljóst að nokkra vinnu verður að leggja í framsetningu og þýðingar á texta leiðbeininga og eyðublaða á erlend tungumál auk breytinga á tölvukerfum. Varðandi lagabreytingar um einföldun skattskila við brottför launamanna, þá er ljóst að nokkur munur getur orðið á fjárhæðum afdreginnar staðgreiðslu af launum, sem miðast við meðaltal útsvarshlutfalls á tekjuári og endanlegs útsvars á álagningarári í því sveitarfélagi, sem útsvar fellur til. Þá yrði í lögum að veita frávik til einstaklingsbundinnar álagningar, sem tæki mið af uppgjöri við brottför sem og til að gera ákveðinn hóp framteljenda framtalslausan. Ekki þykir efni til að rekja frekari dæmi um aðlögun laga að breyttum áherslum að sinni eða setja fram ítarlegar tillögur um fjármögnun á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Ingvar J. Rögnvaldsson